

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samín er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Árnesbænda í Aðaldælahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1970.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52, 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 með breytingu nr. 71/1969, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1970.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1970.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

*Hallgrímur Dalberg.*